

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

**Starfsleyfishafi:** Fiskmarkaður Austurlands ehf.  
kt. 580298-3119

**Starfsstöð:** Naustahvammur 64, 740 Neskaupstað  
Fastanúmer: F251-0918

Leyfið gildir frá dd.mmm 2021 til dd.mmm 2033

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Fiskmarkað**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

**Starfsleyfishafi:** Fiskmarkaður Austurlands ehf., kt. 580298-3119  
**Starfsstöð:** Naustahvammur 64, 740 Neskaupstað  
**Fastanúmer:** F251-0918

Leyfið gildir frá dd. mmm 2021 til dd. mmm 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Fiskmarkað**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 28. júlí 2021

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

---

Í húsnæðinu er rekinn fiskmarkaður. Ekki er gert ráð fyrir því að fiskur sé geymdur í húsnæðinu lengur en í nokkra klukkutíma áður en að hann er fluttur til kaupandi til frekari vinnslu. Enginn kællir er í húsnæðinu en salur er ókynntur.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Fylgiskjal 1. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.*

### 2. Mengunaróhapp

---

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

### 3. Annað sem varðar starfsemina

---

#### 3.1. Fráveita

Frárennsli úr sal er aðskilið öðrum frárennislögnum í húsinu. Engar mengunarvarnir eru á fráveitu úr sal. Heilbrigðiseftirlitið áskilur sér rétt til að gera kröfu um fituskilju á fráveitu ef að mengun frá fyrirtækinu verður meiri en gert var ráð fyrir við útgáfu starfsleyfis.

Um fráveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

#### 3.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

#### 3.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

dd. mmm 2021

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn

heilbrigðisfulltrúi